



Grænfáninn

18. janúar 2010

Aukafundur ásamt Heimi Þór Ívarssyni frá Gámaþjónustu Vesturlands, Snæfellsbæ og Magnúsi Þór Jónssyni skólastjóra, fundinn sátu auk þeirra fulltrúar starfsmanna í umhverfisnefndinni, Katrín, Sif, Svandís og Svanborg.

Tilfni fundarins var að finna varanlega lausn fyrir flokkunargámana sem eru á skólalóðinni þannig að allir sem að vinnu við þá koma eigi hægt um vik við að losa í og/eða tæma þá.

Mjög góður rómur var gerður að þeirri tillögu sem sett var fram á fundinum. Tillagan fellst í því að skipta út stóra pappagámnum sem stendur við sundlaugina og fá í hans stað stórt grænt kar eins og notað er undir annað sorp frá skólanum. Það kar yrði staðsett við vesturhlið skólans hjá þeim ruslakörum sem þar eru fyrir. Einnig verði græna karið sem er undir flokkað sorp og stendur við sundlaugina flutt á sama stað og hin körin. Þar með væri þetta allt komið á sama staðinn og mun hægara um vik fyrir starfsfólk og/eða nemendur að fara með sorp í körin.

Huga þarf að lokaútfærslu við frágang vegna þessara breytinga og þykir okkur nauðsynlegt að kaupa steypar einingar fyrir körin. Með góðri uppsetningu þeirra mætti skapa gott skjól fyrir körin og um leið verða þau ekki eins sýnileg frá Engihlíðinni. Þá þarf einnig að athuga með planið þar sem þau standa, þ.e. með hvaða hætti yrði gengið frá því, t.a.m. hvort yrði hellulagt til viðbótar þeirri hellulögn sem nú þegar er komin.

Fundi slitið 14:00
Svanborg